



**HAFNARFJÖRÐUR**

Hafnarfirði 19. janúar 2018.

Fræðsluráð Hafnarfjarðar.

## **MINNISBLAÐ**

### **Mál nr. 1006286, Auðlinda- og umhverfisstefna drög að stefnu**

*Sjónarmið skrifstofu fræðslu- og frístundabjónustu Hafnarfjarðar til auðlinda- og umhverfisstefnu frá 2017 fyrir Hafnarfjörð sem borist hefur til umsagnar er eftirfarandi:*

Almennt séð teljum við mikilvægt að hafa skýra stefnumótun í sem flestum málaflokkum og viðfangsefnum sem að sveitarfélaginu snúa og er auðlinda- og umhverfisstefna þar engin undantekning. Augljóslega höfum við mesta athygli á fræðsluþætti stefnudraganna. Við teljum fræðsluþátt draganna (4. kafli) almennt endurspegla sjónarmið sem við teljum æskileg og vinni með skólastarfi í því að efla umhverfisvernd, sorpflokkun, náttúruvernd og aðra umhverfisverndandi þætti. Þau sjónarmið sem komu fram í drögunum er að stefnan sé sett á að búa til skilyrði fyrir fræðslustarfsemi sem tengist viðkomandi málaflokki, s.s. að fræðsluefni um bæjarumhverfið (staðbundnar aðstæður) sé til staðar, viðeigandi ílát séu til flokkunar (sorps og verðmæta) sem talin eru heppileg í skólaumhverfinu og aðstaða sé fyrir vissa tegund starfsemi eins og sérstök svæði í nágrenni skóla fyrir útivistar-/grenndarkennslu. Í þessum skilningi vinna stefnudrögin að því að styðja við skólastarfið sem hefur margvíslegum skyldum að gegna til að sinna fræðslustarfsemi um umhverfis- og auðlindamál samkvæmt áherslum í aðalnámskrám skólastiga leik- og grunnskóla. Hið mikilvæga er að endanleg stefna nái að fylgja eftir þeim áherslum sem lagðar eru til og þær þjargir sem boðaðar eru fá farsæla framkvæmd.

Virðingarfyllt,

Fanney Dórothe Halldórsdóttir, sviðsstjóri